

Námsáætlun fyrir textílmennt - 6. bekkur
skólaárið 2025 – 2026



Kennari: Birna Petrína Sigurgeirsdóttir
Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálf t skólaárið.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Verklag	-beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar -Unnið úr fjölbreyttum textílefnum -unnið með einföld snið og uppskriftir -geta þekkt mikilvægi viðeigandi líkamsstöðu og geti beitt líkamanum rétt við vinnu sína -geta sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði	Vélsaumur - nemendur fá kennslu í umhirðu saumavéla og læra að þræða saumvél. -Endurvinnsluverkefni – nemendur sníða og sauma fjölnotapoka úr endurnýttu textílefni. prjónaverkefni -nemendur læra að fytja upp og prjóna slétt prjón. Prjóna húfu. Nemendur ganga frá eftir sig í lok hvers tíma.	Kennari sinnir leiðsagnarmati við verkefnavinnu nemenda Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu. Metin er hæfni til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð.
Sköpun, hönnun og tækni	-geta þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli -geta notað fjölbreyttar aðferðir að eigin vali við skreytingu textílaferða -geta nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um hugmyndavinnu , hönnun og útfærslu á þeim	Endurvinnsluverkefni Verkefnavinna Notast er við netmiðla við hugmyndavinnu og myndbönd af youtube tengd efnisfræði skoðuð. Bækur um prjón nýttar í prjónaverkefni.	Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.

Menning og umhverfi	-geta nýtt endurunnin efni í textílvinnu og gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum -geta greint og fjallað um hefðir í textílvinnu á Íslandi og sett í samhengi við sögu - geta gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúru efna	Endurvinnsluverkefni- fjölnotapoki. Nemendur læra um þrjón og mikilvægi þess fyrir íslensku þjóðina í sögulegu samhengi . Þau læra um íslensku lopapeysuna. Nemendur læra um íslensku ullina, helstu eiginleika ullarinnar og þýðingu hennar fyrir íslensku þjóðina í gegnum tíðina. Efnisfræði um náttúruleg efni sem notuð eru til að búa til textílefni.	Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefnum. Áhrif textíls á umhverfi okkar og í sögulegu samhengi.
Námsgögn: Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.			
Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með bókstöfum og safna þannig á hæfnikort sitt.			